

Fundargerð

Miðvikudaginn 16. júní 2021, kl. 17:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún.**

Fundarstaður var Hnjúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, formaður, Hjálmar Björn Guðmundsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson sem ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund kl 17:00- og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum dagsettu 10. desember 2020, var undirrituð en hún hafði áður verið send stjórn með tölvupósti, án athugasemda. *Fundargerð undirrituð*

2. Ársreikningur 2020 – BMA.

Ársreikningur BMA, fyrir árið 2020, sem unnin er af KPMG, lá fyrir fundinum og hafði áður verið sendur stjórnarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir helstu stærðir í ársreikningi og skýringar, en reikningurinn sýnir jákvæða niðurstöðu ársins 2020 um kr.1.076.571- *Eftir umræðu og skýringar var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur af stjórn BMA, með viðeigandi áritum stjórnarmanna.*

3. MRN – vegna viðhalds og endurbóta á Kvennaskólahúsum.

Erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags 29. mars 2021 þar sem tilkynnt er að ákveðið hefði verið að veita 25.m.kr. styrk til áframhaldandi viðgerðar og uppbyggingar mannvirkja á lóð Kvennaskólans á Blönduósi. Greitt er 80% strax og eftirstöðvar síðar eftir framvindu verkefnisins, en gert er ráð fyrir því að þetta sé fyrsta greiðsla af 3, sem óskað hefur verið eftir á jafnmörgum árum. Mun framkvæmdastjóri BMA, fylgja því eftir við ráðuneytið með samningi. Stjórn BMA leggur áherslu á að framkvæmdum verði forgangsraðað og þær kostnaðarmetnar, til þess að nýta fjármagnið sem allra best. *Samþykkt að halda næsta stjórnarfund BMA í húsnaði Kvennaskólans.*

4. Upplýsingamiðstöð Austur- Húnavatnssýslu – nýr samningur.

Stjórn samþykkir formlega tillögu framkvæmdastjóra, sem send var stjórnarmönnum í tölvupósti 4. júní 2021, um að gerður verði nýr samningur við L&E ehf., um rekstur upplýsingamiðstöðvar sem staðsett yrði í Gamla KH-húsinu á Tjaldstæðinu í Brautarhvammi. Samningurinn yrði til reynslu í 1 -2 ár, og aðeins greitt fyrir þá mánuði sem starfsemi væri í húsinu. *Drög að nýjum samningi var samþykktur.*

5. Heimilisiðnaðarsafnið – fundargerðir ofl.

Fyrir fundinum var fundargerð Aðalfundar Heimilisiðnaðarsafnsins, sem haldinn var fimmtudaginn 27. maí 2021, kl 15:00- til kynningar. Farið var yfir helstu atriði sem fram komu í fundargerðinni, og einnig sagði framkvæmdastjóri frá því að nýlega hefði verið opnuð sýningin SPOR, sem hefði verið endurnýjuð frá síðasta ári um textílbókverk ofl.

6. Textílmíðstöð Íslands - Textíl Lab ofl.

Farið var yfir stöðu mála er varðar Textílmíðstöð Íslands og glæsilega opnun á Textíl Lab, sem opnað var formlega föstudaginn 21. maí s.l., með aðkomu tveggja ráðherra. Stjórn BMA samþykkir formlega að sá hluti styrks frá Rannís, sem koma átti í hlut BMA til aðstöðusköpunnar, renni til Blönduósbæjar sem hefði lagt til það húsnæði sem Textíl Lab var opnað í að Þverbraut 1, á móti kostnaði við breytingar á húsnæði. *Þá yrði óskað eftir kynningu á starfsemi, fyrir stjórn, á næsta fundi.*

7. Önnur mál:

- **Héraðsskjalasafnið:** Framkvæmdastjóri upplýsti um þær mannabreytingar sem orðið höfðu, og gert var ráð fyrir í áætlun. Viðgerðum á vörumóttökuhurð væri lokið, en skjól við aðalinngang þyrfti að skoða við gerð næstu fjárhagsáætlunnar. Þá var vakin athygli á að þriðjudaginn 25. maí s.l., hefðu Ljósmyndir Björns Bergmanns verið afhentar Héraðsskjalasafninu. Einnig var afhent forlátt púlt og kompás sem Björn var ætíð með um hálsinn og notaði þegar henn tók myndir uppá heiðum. Að þessu tilefni þá var opnaður aðgangur að myndasafni Björns sem afhent hefur verið til Héraðsskjalasafnsins í gegnum árin. *Stjórn BMA, þakkar fyrir hönd íbúa, fyrir myndarlegar afhendingar.*
- **Næsti fundur stjórnar:** Stefnt skal að næsta fundi stjórnar í fyrri hluta september, í húsnæði Kvennaskólans, en fyrir þann fund þá munu formaður og framkvæmdastjóri BMA skoða ýmis ólokin mál.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundí slitið kl. 17:45-

